

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu um eptir- 24
gjöf á leigum af hallærisláni. — Í tilefni af bónarbrjefi því, frá sýslumanninum í 26. febr.
 Snæfellsness- og Hnappadalssýslu fyrir hönd sýslunefndarinnar þar, er jeg meðtók með
 þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dags. 13. nóv. f. á. og að þar til fengnum
 myndugleika frá ráðgjafanum, veiti jeg hjermeð nefndri sýslu samkvæmt 4. gr. fjárlag-
 anna eptirgjöf á leigum til ársloka 1885 af 5000 kr., er eptir standa af láni, er sýsla
 þessi fjekk úr landssjóði 1882 til að afstýra hallæri, móti því að frá þeim tíma greiðist
 af upphæð þessari 4% í ársvöxtu og að hún síðan verði endurborguð með $\frac{1}{3}$ á ári hverju.

Þetta undanfelli jeg eigi að tilkynna yður hjermeð, herra amtmaður, til birting-
 ar fyrir sýslunefndinni í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um flutning Kirkjubólskirkju 25
að Nauteyri. — Samkvæmt tillögu yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi, dags. 28. febr.
 6. p. m. og ályktun hjeraðsfundarins í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi veiti jeg hjermeð
 samkvæmt 4. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, samþykki mitt til þess, að
 kirkjan á Kirkjubóli á Langadalströnd verði flutt að Nauteyri.

Þetta undanfelli jeg eigi að tilkynna yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeining-
 ar og frekari ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu um þókn- 26
un til þjóðjarðalandseta fyrir að bæta skemmdir á ábýlisjörðum þeirra. — Í 2 bón- 3. marz.
 arbrjefum, er sýslumaðurinn í Vestmannaeyjasýslu hefir sent hingað beina leið og mælt
 fram með, hafa leiguliðarnir á þjóðjörðunum Eystri-Gjábakka og Miðhúsum á Vest-
 mannaeyjum, Jón Guðmundsson og Vigfús Einarsson sótt um styrk úr landssjóði til
 endurbóta á skeimdmum, er ábýlisjarðir þeirra hafa orðið fyrir af sjáfarágangi 6. febr.
 1883, en endurbætur þessar áttu samkvæmt skoðunargjörð, er fylgdi bónarbrjefunum, að
 vera fölgnað í því, hvað hina fyrnefndu jörð snertir, að flytja 50 faðma langan grjótt-
 garð, sem sjórinn hafði fellt af 30 faðma, 15 faðma frá sjónum inn að túninu, og álitu
 skoðunarmennirnir að það mundi kosta að minnsta kosti 50 kr., og ennfremur í því að
 hreinsa 350 □ faðma af Gjábakkatúninu fyrir grjóti og sandi sem á það hafði borizt,
 og að því er snertir hina síðarnefndu jörð, átti endurbótin að vera falin í hreinsun á
 140 □ föðmum af túninu fyrir grjóti og sandi.

Í tilefni af þessu vil jeg þjónustusamlega tjá yður, herra amtmaður, til þóknan-
 legrar leiðbeiningar og birtingar, að jeg fellst á, að ábúandanum á Eystri-Gjábakka, Jóni
 Guðmundssyni, verði sem þóknun fyrir endurbætur þær á ábúðarjörð hans, sem að
 framan eru nefndar, þegar hann hefur fært sönnur á, að þær sjeu viðunanlega af hendi
 leystar, veitt eptirgjöf á hálfri landskuldinni eptir jörðina í 2 ár, en öll landskuldin er
 c. 124 álnir, og ábúandanum á Miðhúsum, Vigfúsi Einarssyni fyrir ofan nefnda
 hreinsun á Miðhúsatúninu, með sama skilyrði veitt í eitt skipti fyrir öll linun í eptir-
 gjaldi eptir ábúðarjörð sína, er nemi 10 krónum.

Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um úthlutun á styrk til 27
prestaekkna og barna. — Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu 6. marz.
 brjefi dags. 18. f. m. vil jeg hjermeð samþykkja, að þeim 2500 kr., sem fyrir árið 1885
 eru veittar til prestaekkna og barna í 13. gr. A. b. 6 í fjárlögunum fyrir árin 1884 og
 1885, verði skipt milli neðan nefndra prestaekkna á þann hátt, að hver þeirra hljóti þá
 upphæð sem nú skal greina: